

SAMSTARFSSAMNINGUR

Íslenskrar málnefndar

og

Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

1. gr.

Samstarfssamningur þessi er gerður á grundvelli 6. gr. laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls þar sem kveðið er á um að skrifstofa Íslenskrar málnefndar sé í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

2. gr.

Íslensk málnefnd annast verkefni sem snúa einkum að málpólitískri stefnumótun og ráðgjöf á því sviði við innlend og norræn stjórnvöld, eins og nánar er kveðið á um í 6. gr. laga nr. 61/2011. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum starfar á grundvelli laga nr. 40/2006 og annast einkum verkefni sem snúa að formstýringu íslensks máls. Er þar meðal annars átt við málfarsráðgjöf við almenning, iðordastarf og málskýrð. Jafnframt sinnir stofnunin norrænum rannsóknarverkefnum eftir atvikum.

3. gr.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (SÁ) er skrifstofa Íslenskrar málnefndar og miðstöð þeirrar starfsemi sem málnefndin hefur með höndum. Í því felst eftirfarandi:

- a. SÁ veitir Íslenskri málnefnd almenna skrifstofuþjónustu, tekur á móti pósti til nefndarinnar og heldur utan um skjalasafn hennar.
- b. SÁ leggur Íslenskri málnefnd til fundaraðstöðu og veitir vinnuaðstöðu þeim starfsmönnum sem nefndin ræður til einstakra tímabundinna verkefna.

4. gr.

Einn starfsmaður SÁ, tilnefndur af forstöðumanni, er samverkamaður Íslenskrar málnefndar. Meðal verkefna hans er:

- a. Að sækja fundi Íslenskrar málnefndar. Þar hefur hann málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

Samstarfssamningur ÍM og SÁ

- b. Að rita fundargerðir Íslenskrar málnefndar, ganga frá þeim í skjalasafni nefndarinnar og senda afrit af þeim til nefndarmanna og annarra sem þær eiga að fá.
- c. Að liðsinna Íslenskri málnefnd eftir föngum við verkefni hennar, svo sem skipulagningu, kynningu og framkvæmd málþinga og funda, vinnu við árlega ályktun nefndarinnar um stöðu íslenskrar tungu, vinnu við mótun og eftirfylgni íslenskrar málstefnu og samningu og kynningu íslenskra ritreglna.
- d. Að hafa umsjón með kynningarmálum Íslenskrar málnefndar, einkum að annast vef nefndarinnar á léninu **íslenskan.is**, kynna málþing á vegum nefndarinnar og koma á framfæri efni frá nefndinni.

5. gr.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Íslensk málnefnd eiga sameiginlega aðild að samstarfsneti norrænna málnefnda og málnefndaskrifstofa. Stofnunin sér ásamt Íslenskri málnefnd um að undirbúa norrænt málnefndaþing og samstarfsnetsfund þegar röðin kemur að Íslandi (næst 2013).

Samverkamaður Íslenskrar málnefndar úr röðum starfsmanna Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (sjá 4. gr.) er að jafnaði einnig norrænn ritari sem valinn er af Íslenskri málnefnd.

Íslensk málnefnd á aðild að *European Federation of National Institutions for Language* (EFNIL). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum annast samskipti við EFNIL fyrir málnefndina, meðal annars greiðslu árgjalds og ferðafjár eins fulltrúa nefndarinnar á ársfund samtakanna af fjárlið nefndarinnar. Þegar fjárhagur leyfir sækir samverkamaður Íslenskrar málnefndar ársfundinn ásamt fulltrúa Íslenskrar málnefndar.

6. gr.

Ekki er gert ráð fyrir að greiðslur fari fram á milli samningsaðila.

7. gr.

Samstarfssamningur þessi gildir um skipunartímabil Íslenskrar málnefndar frá 1. september 2011 til 31. ágúst 2015.

Reykjavík, 27. mars 2012

Guðrún Kvaran
formaður Íslenskrar málnefndar

Guðrún Nordal
forstöðumaður Stofnunar Árna
Magnússonar í íslenskum fræðum